

Nafn: _____

Kennitala: _____

Aðgangsnúmer: _____

Yfirlýsing

Vegna aðgangs að íþróttamiðstöð Langanesbyggðar utan hefðbundins opnunartíma

Sveitarfélagið gefur áskrifendum (hér eftir „notandi“ í yfirlýsingu þessari) að íþróttamiðstöð sveitarfélagsins kost á að stunda líkamsrækt í líkamsræktarsal/tækjasal í íþróttamiðstöðinni á tilteknum tíma utan hefðbundins opnunartíma, þegar íþróttamiðstöðin er ómönnuð, þ.e. enginn starfsmaður á vegum sveitarfélagsins er á vakt.

Tilgangur yfirlýsingar þessarar er að skilgreina og undirstrika réttindi og skyldur notanda vegna aðgangs að íþróttamiðstöð sveitarfélagsins utan hefðbundins opnunartíma.

1. Hefðbundinn opnunartími íþróttamiðstöðvarinnar, þ.e. þegar vakt er í húsinu, er að jafnaði frá kl. 08:00-20:00 mánudaga til föstudaga og frá til 11:00-16:00 á laugardögum en engin vakt er á sunnudögum nema á sumaropnunartíma.
2. Grundvöllur þess að fá aðgang að íþróttamiðstöð sveitarfélagsins utan hefðbundins opnunartíma er að hafa undirritað yfirlýsingu þessa auk þess viðkomandi þarf að vera með áskrift að aðgangi í líkamsræktarsal íþróttamiðstöðvarinnar, þ.e. hafa greitt aðgangsgjald fyrir aðgang að líkamsræktarsalnum.
3. Notandi, sem undirritað hefur yfirlýsingu þessa, og uppfyllir framangreind skilyrði skal hafa rétt til aðgangs að líkamsræktarsal íþróttamiðstöðvar sveitarfélagsins utan hefðbundins opnunartíma. Notandi skal vera lögráða (18 ára eða eldri).
4. Notandi kemst þannig inn í líkamsræktarsal íþróttamiðstöðvarinnar, þegar enginn starfsmaður er á vakt, með sérstökum aðgangskóða. Aðgangskóðar eru tímastilltir í samræmi við áskriftartímabil.
5. Notanda er með öllu óheimilt að hleypa öðrum einstaklingum sem ekki eru með aðgang að íþróttamiðstöðinni utan hefðbundins opnunartíma, á grundvelli yfirlýsingar sem þessarar, inn til æfinga og skal gæta þess að loka vel á eftir sér.
6. Notandi ber fulla ábyrgð á að haga æfingum sínum og umgangast öll tæki í tækjasal með þeim hætti að hvorki hann né aðrir hljóti skaða af.
7. Notandi verður sjálfur að ganga frá og koma öllu fyrir á sínum stað, s.s. lóðum í rekka og lyftingarstöngum án lóða í bekki.
8. Notandi skal ganga snyrtilega um stöðina og gæta fyllsta hreinlætis, halda gólfum og æfingatækjum þurrum af svita og öðrum vessum.

Upphafsstafir: _____

9. Notandi ber alla ábyrgð á sér og sínu.
10. Valdi notandi skemmdum á búnaði eða húsnæði í eigu sveitarfélagsins skal hann bæta það að fullu.
11. Meðferð áfengis, tóbaks og/eða annarra vímuefna er með öllu óheimil.
12. Virði notandi ekki skilmála þessa er sveitarfélaginu heimilt að útiloka viðkomandi frá íþróttamiðstöðinni án endurgreiðslu á aðgangsgjaldi/áskrift og beita fésektum allt að 50.000 kr.
13. Aðgangur að íþróttamiðstöðinni er takmarkaður við tækjasal. Þannig er notanda ekki heimill aðgangur að öðrum rýmum íþróttamiðstöðvarinnar utan hefðbundins opnunartíma.
14. Til þess að hafa eftirlit með notkun mun sveitarfélagið koma upp eftirlitsmyndavélakerfi og verða eftirlitsmyndavélar m.a. staðsettar við inngang íþróttamiðstöðvar og inni í tækjasal. Undirritaður notandi lýsir því yfir með undirritun sinni á yfirlýsingu þess að honum sé kunnugt um þetta eftirlit og lýsir því jafnframt yfir að hann sé samþykkur þessu rafræna eftirliti og því að með þessum hætti vinni sveitarfélagið með tiltekna persónuupplýsingar um hann, að hann sé upplýsur um tilgang vinnslunnar og hvernig hún fer fram.
15. Undirritaður notandi lýsir því einnig yfir að houn sé kunnugt um og lýsir því samþykkan því að aðgangsstýrikerfi að íþróttamiðstöðinni sér rekjanlegt.
16. Undirritaður notandi lýsir því yfir að hann hafi lesið yfirlýsinguna í heild, yfirfarið skilmála þessa vel og samþykkir þá alla með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa.

Langanesbyggð, _____

Dagsetning

Notandi (nafn og kennitala)